

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

Postafen 25 mg töflur

meklózínihýdróklóríð

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

Alltaf skal nota lyfið nákvæmlega eins og lýst er í þessum fylgiseðli eða eins og lækinn eða lyfjafræðingur hefur mæt fyrir um.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum eða ráðgjöf.
- Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.
- Leitið til læknis ef sjúkdómseinkenni versna eða lagast ekki.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Postafen og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Postafen
3. Hvernig nota á Postafen
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Postafen
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Postafen og við hverju það er notað

Postafen inniheldur efni (andhistamín) sem er notað til að fyrirbyggja og til að draga úr einkennum ferðaveiki (bílveiki, sjóveiki, flugveiki). Lyfið er einnig notað við ógleði og uppköstum.

Verið getur að lækinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

2. Áður en byrjað er að nota Postafen

Ekki má nota Postafen

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir meklózíni, píperazínafleiðum eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).
- ef þú hefur átt hvað eftir annað erfitt með að draga andann í svefni (kæfisvefn).
- ef þú ert með skerta lifrarstarfsemi. Ráðfærðu þig við lækinn.

Varnaðarorð og varúðarreglur

Leitið ráða hjá lækni eða lyfjafræðingi áður en Postafen er notað:

- ef þú ert með gláku
- ef þú ert með hækkaðan augnþrýsting
- ef þú ert með þvaglátstregðu vegna þvagteppu
- ef þú ert með þrengingu í magaopi
- ef þú ert með minnkaðar þarmahreyfingar
- ef þú ert með óeðlilega vöðvaþreytu (vöðvaslensfár)
- ef þú ert með minnisskerðingu (vitglöp)
- ef þú ert með viðvarandi eða fyrirsjáanlega öndunarskerðingu
- ef þú hefur tilhneigingu til að fá krampa.

Áfengi getur aukið slævandi verkun Postafen.

Ef þú þarft að fara í ofnæmispróf skaltu hætta meðferð með Postafen fjórum sólarhringum fyrir ofnæmisprófið.

Notkun annarra lyfja samhliða Postafen

Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð.

Þú mátt nota Postafen samtímis öðrum lyfjum, en ráðfærðu þig fyrst við lækinn ef þú ert á meðferð með:

- kvíðastillandi lyfjum
- geðlyfjum
- svefnlyfjum
- þunglyndislyfjum (MAO hemlar og hringlaga geðdeyfðarlyf).

Notkun Postafen með mat eða drykk

Þú mátt taka Postafen með mat eða drykk.

Meðganga

Við meðgöngu, brjóstagið, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað.

Venjulega á ekki að taka Postafen á meðgöngu. Ráðfærðu þig við lækinn.

Brjóstagið

Þú mátt ekki taka Postafen ef þú ert með barn á brjósti, þar sem Postafen skilst út í brjóstamjólk.

Akstur og notkun véla

Umbúðirnar eru merktar með rauðum varúðarþríhyrningi. Það merkir að Postafen getur haft slævandi áhrif, einkum við upphaf meðferðar og þegar skammtar eru auknir. Þetta getur haft áhrif á öryggi við vinnu og hæfni til aksturs.

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

Postafen inniheldur laktósa

Postafen töflur innihalda laktósaeinhýdrat. Ef óþol fyrir sykrum hefur verið staðfest skal hafa samband við lækni áður en lyfið er tekið inn.

3. Hvernig nota á Postafen

Alltaf skal nota lyfið nákvæmlega eins og lýst er í þessum fylgiseðli eða eins og lækinn eða lyfjafræðingur hefur mælt fyrir um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá læknum eða lyfjafræðingi.

Ráðlagður skammtur er:

Við ferðaveiki:

Fullorðnir og börn eldri en 12 ára: Takið 1-2 töflur (25-50 mg) 1–2 klst. fyrir brottför og síðan á 12 klst. fresti ef þörf krefur.

Við ógleði og uppköstum:

Fullorðnir og börn eldri en 12 ára: 1 tafla tvisvar sinnum á sólarhring.

Töflunni má skipta í tvo jafna skammta.

Börn: Postafen má eingöngu gefa börnum yngri en 12 ára, samkvæmt læknisráði.

Aldraðir: Gæta skal varúðar við notkun Postafen og hefja skal meðferð með minnsta ráðlögðum skammti (25 mg, þ.e. 1 tafla).

Ef notaður er stærri skammtur en mælt er fyrir um

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður, eða barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222).

Einkenni ofskömmtunar geta verið svefndrungi, sundl, vistarfíring, skert meðvitund, kvíði, hraðsláttur, óróleiki, lost.
Stækkuð ljósop, mikill roði í andliti, munnþurrkur, æsingur, ofskynjanir og krampar.
Hreyfiröskun, skjálfti, geðsjúkdómar, hækkaður líkamshiti, of lágur blóðþrýstingur, hækkaður blóðþrýstingur og hjartsláttartruflanir.

Ef gleymist að taka Postafen

Ef þú gleymir að taka Postafen töflu á aðeins taka eina töflu þegar tími er fyrir næsta skammt. Ekki á að tvöfalda skammt til að bæta upp skammt sem gleymst hefur að taka.

Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og á við um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Alvarlegar aukaverkanir:

Koma örsjaldan fyrir (koma fyrir hjá færri en 1 af hverjum 10.000 sjúklingum):

Ofnæmisviðbrögð, t.d. skyndileg húðútbrot, öndunarerfiðleikar, þroti í andliti, vörum og hálsi, yfirlið. Hafið samstundis samband við lækni eða bráðamóttöku. Hringdu e.t.v. í 112.

Aukaverkanir sem ekki eru alvarlegar

Mjög algengar aukaverkanir (koma fyrir hjá fleiri en 1 af hverjum 10 sjúklingum):

Svefndrungi, róandi áhrif, þreyta, slappleiki.

Algengar aukaverkanir (koma fyrir hjá 1-10 af hverjum 100 sjúklingum):

Sundl, höfuðverkur, þurrkur í koki, kverkum og hálsi, nefþurrkur, munnþurrkur.

Sjaldgæfar aukaverkanir (koma fyrir hjá 1-10 af hverjum 1.000 sjúklingum):

Hjartsláttarónot, hraðsláttur. Leitið læknis.

Kvíði, vellíðunartilfinning, skapstyggð, ofskynjanir, svefnleysi, geðræn vandamál, hreyfiröskun, eyrnasuð, svimi, hægðatregða, útbrot, verkir við þvaglát, aukið þvagmagn, þvaglátstregða, aukin matarlyst, þyngdaraukning.

Mjög sjaldan eða örsjaldan geta aðrar aukaverkanir komið fyrir sem ekki eru alvarlegar. Spyrðu lækninn eða lyfjafræðing ef þú óskar eftir frekari upplýsingum um þessar aukaverkanir.

Tilkynning aukaverkana

Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Postafen

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Engin sérstök fyrirmæli eru um geymsluaðstæður lyfsins.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Postafen inniheldur:

- Virka innihaldsefnið er meklózíndihýdróklóríð. Hver tafla inniheldur 25 mg meklózíndihýdróklóríð.
- Önnur innihaldsefni eru: vatnsfrí kísilkvoða, laktósaeinhýdrat, póvídón, maisssterkja, talkúm og kalsíumsterat.

Lýsing á útliti Postafen og pakkningastærðir

Útlit:

Hvítar, sporöskjulaga, óhúðaðar töflur með deiliskoru á báðum hliðum, 9 mm langar og 5 mm breiðar.

Pakkningastærðir:

Þynnupakkningar með 10 töflum (lausasölupakkning), 20, 25 og 100 töflum (lyfseðilsskyldar pakkningar).

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

Markaðsleyfishafi og framleiðandi

Markaðsleyfishafi
CampusPharma AB
Karl Gustavsgatan 1A
411 25 Göteborg
Svíþjóð

Framleiðandi
Delpharm Evreux
5 rue du Guesclin
27000 Evreux
Frakkland

Samhliða innflutt
Heilsa ehf., Bæjarflöt 1, 112 Reykjavík.
Merking: Heilsa ehf., Reykjavík.

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í júlí 2026.

Upplýsingar á íslensku eru á <http://www.serlyfjaskra.is>.